

Jafnframt er úr gildi felldur 4. töluliður ákvæða til bráðabirgða í reglugerð um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, nr. 107 13. maí 1965.

Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1965.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 240.

10. desember 1965.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Varasjóð Sparisjóðs Húsavíkur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. desember 1965. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Varasjóðs Sparisjóðs Húsavíkur, Húsavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur. Sparisjóður Húsavíkur var stofnaður 14. desember árið 1895 og starfaði til 31. desember 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er varasjóður Sparisjóðs Húsavíkur, eins og hann var, þegar útibú Landsbanka Íslands yfirtók rekstur sparisjóðsins, eða um 2 milljónir króna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til framfara og menningarmála í Húsavík og nærsveitum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir fimm menn: Bæjarfógetinn í Húsavík — sýslumaður Þingeyjarsýslu —, bæjarstjórinn í Húsavík, formaður Kvenfélagsambands Suður-Þingeyjarsýslu, prófasturinn í Suður-Þingeyjarsýsluprófastdæmi og útibússtjóri Landsbanka Íslands, Húsavík.

Fyrstu stjórn sjóðsins skal útibússtjóri kalla til fyrsta fundar og kys stjórnin sér þá formann til fjögurra ára og skiptir með sér verkum til sama tíma.

5. gr.

Styrkveitingar úr sjóðnum fara fram, þegar stjórn sjóðsins telur ástæðu til, þó ekki oftan en einu sinni á ári.

Eigi má úthluta meiru en helmingi árstekna sjóðsins, þar til höfuðstóll hans er orðinn 3 milljónir króna, en þá má úthluta allt að tveim þriðju hlutum árstekna hans. Hinn hluti teknanna skal leggjast við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

Nú telur sjóðsstjórnin eigi ástæðu til að ráðstafa þeim hluta ársteknanna, sem veita má til styrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan, og getur hún þá annað hvort lagt tekjurnar við höfuðstólinn eða geymt þær til síðari úthlutunar, en þó eigi lengur en tvö ár.

6. gr.

Allt fé sjóðsins skal ávaxtað í útibúi Landsbanka Íslands, Húsavík, og skal útibúið annast reikningsfærslu fyrir sjóðinn, eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, enda náist samkomulag þar um.

7. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu kosnir þannig: Bæjarstjórn Húsavíkur kýs einn mann og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu einn mann. Skulu þeir kosnir af hverri nýkjörinni bæjarstjórn og sýslunefnd og skal kosning þeirra gilda jafn lengi og viðkomandi bæjarstjórn og sýslunefnd situr. Reikningar sjóðsins skulu sendir árlega til eftirlitsmanns opinberra sjóða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi stofnfjäreigenda Sparisjóðs Húsavíkur hinn 24. nóvember 1965.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir Landssímann.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar stöðvar,
sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

1. Fyrir 1 línu með 1 venjulegu talfæri	kr. 4000.00
2. — hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð	— 1200.00
3. — aukabjöllu (venjulega)	— 500.00
4. — tengil (með rafvökum)	— 450.00

Stofngjöld fyrir miðstöðvarborð verða ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eftir gerð borðanna og stærð. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símabúnaðar en hinar venjulegu, sem að framan greinir.

Ofanefnd gjöld eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, svo sem nýrra staura, nýrra jarðsíma, nýs skiptiborðs eða vegna rúmleysis á stauraröðum eða í stöðvarskiptiborðum, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Stofngjöld greiðist fyrirfram, að jafnaði helmingur, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er miðað við þá gjaldskrá, er þá gildir.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami maður eða fyrirtæki hefur búnaðinn.